

# KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

HAFNARBAKKI 5, REYKJANESBÆ, FASTANR.: F209-4095

**Reykjaneshöfn, kt. 410190-1099, Víkurbraut 11, Reykjanesbæ (hér eftir „seljandi“), selur hér með og afsalar til Royal Iceland hf., kt. 601299-3999, Hafnarbakka 11, Reykjanesbæ (hér eftir „kaupandi“) fasteignina að Hafnarbakka 5, Reykjanesbæ, fastanr.: F209-4095, ásamt leigulóðarréttindum og öllu því sem fasteigninni fylgir.**

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er um að ræða vörugemymslu (01-0101) sem var byggð árið 1936. Fasteignamat fasteignarinnar er kr. 2.181.000, þar af lóðarmat kr. 1.515.000. Brunabótamat er kr. 3.480.000. Um er að ræða fasteign á iðnaðar- og athafnalóð (landnúmer: L129-781) sem er 798 m<sup>2</sup>.

Eignin selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér rækilega. Á lóðinni er húsgrunnur sem er uppsteyptur en gamall og í lélegu ásigkomulagi. Húseignin þarfnast verulegrar viðgerðar og hefur kaupandi kynnt sér ástand hennar og sættir sig við það að öllu leyti. Seljandi hefur hvatt kaupanda sérstaklega til þess að sinna skoðunarskyldu sinni.

Kaupverð fasteignarinnar, kr. 8.000.000 (áttamilljónirkróna), er greitt við undirritun kaupsamnings/afsals. Fasteignin telst afhent við undirritun kaupsamnings/afsals.

Eignin er seld veðbanda og kvaðalaus. Þinglýsingarvottorð liggur frammi og hafa aðilar kynnt sér það.

Kaupandi greiðir skatta og skyldur af eigninni frá og með afhendingardegi en seljandi til sama tíma og hefur uppgjör farið fram.

Kaupandi greiðir stimpilgjöld af öllum skjölum er varða samning þennan.

Samkvæmt ofangreindu lýsir Reykjaneshöfn Royal Iceland hf. réttan og löglegan eiganda fasteignarinnar að Hafnarbakka 5 í Reykjanesbæ.

Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Til staðfestingar rita aðilar undir samning þennan í viðurvist votta, sem staðfesta rétta dagsetningu, undirritun og lögræði aðila.

Reykjanesbæ, xx. júlí 2019

F.h. Reykjaneshafnar

F.h. Royal Iceland hf.

Vottar: